

**Mat á verndargildi landslagsheilda í
Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði vegna mats á
umhverfisáhrifum jarðganga**

Guðrún Á. Jónsdóttir

Unnið fyrir Vegagerðina

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
AÐFERÐIR	2
MAT Á VERNDARGILDI LANDSLAGSHEILDA	3
Hrúteyri	3
Einkenni Hrúteyrar	3
Verndargildi Hrúteyrar	3
Sléttuá	5
Einkenni Sléttuár	5
Verndargildi Sléttuár	5
Daladalur	7
Einkenni Daladals	7
Verndargildi Dalsár og Dalsáreyra	8
Verndargildi flatlendisins kringum Dali	10
Verndargildi birkikjarrs norðan megin í Daladal	11
UMRÆÐA UM NIÐURSTÖÐUR	12
HEIMILDIR	14

INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar tók Náttúrustofa Austurlands að sér að meta verndargildi landslagsheilda vegna mats á umhverfisáhrifum jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, en ábending um að þetta skyldi meta kom frá Skipulagsstofnun. Ekki virðist með öllu ljóst hvernig túlka á landslagsheild t.d. hvort átt er við þau svæði sem mynda heild, landslagsgerðir innan svæða eða jafnvel vistgerðir, og er það látið liggja hér milli hluta. Aðferðir við mat á verndargildi svæða eða landslags eru fremur ómótaðar hérlandis. Skýrsla sem unnin var af Náttúrufræðistofnun um náttúruverndargildi á virkjunarsvæðum norðan jökla gefur þó mikilvægar forsendur til að styðjast við (Sigmundur Einarsson (ritstj.) 2000). Þær forsendur eru byggðar á þeim grundvallarsjónarmiðum sem fram koma í náttúruverndarlögum (44/1999) og alþjóðlegum samþykktum. Út frá þessu má meta gildi tiltekinna svæða. Hugsanlega mætti þó bæta við þetta einhvers konar mati á þáttum eins og útsýni, rýmd og heildarsvip. Það getur verið erfitt að mæla þá þætti en þeir geta skipt talsverðu máli varðandi það hvernig fólk skynjar umhverfið og áhrif framkvæmda á það.

Í þessari greinargerð er gerð tilraun til að leggja mat á verndargildi svæða sem verða fyrir áhrifum af fyrirhugaðri vega- og jarðgangagerð.

AÐFERÐIR

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til í skýrslunni „Náttúruverndargildi virkjunarsvæða norðan jökla“ að ákveðnar forsendur séu lagðar til grundvallar á mati á verndargildi (Sigmundur Einarsson 2000, bls 132-136).

Þessar forsendur eru:

a) Verndarviðmið sem ráðast af afstöðu manna:

- Efnahagur
- Fegurð
- Fræðsla
- Menningar- og atvinnusaga
- Útivist
- Vísindi
- Þjóðfræði og átrúnaður

b) Verndarviðmið sem eru óháð afstöðu manna:

- Fágæti
- Undur
- Einkenni

c) Vistfræðileg viðmið:

- Fjölbreytni
- Frelsi
- Uppruni
- Samfella
- Sannvirði
- Lífsskilyrði
- Raskþol

Þessar forsendur eru lagðar til grundvallar á því mati sem hér er gert. Ekki voru tiltæk næg gögn þannig að hægt væri að nota alla mælikvarðana sem lýst var hér á undan. Þar

sem gögn voru tiltæk var einungis flokkað í 4 flokka, þ.e. lágt gildi, meðal gildi og hátt gildi eða óþekkt. Auk þess var lagt sjónrænt mat á svipmót þeirra svæða sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdunum.

Þau gögn sem lögð voru til grundvallar eru:

1. Gróðurkort og lýsingar á gróðri og dýrlífi (Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Inga Dagmar Karlsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn Guðmundur Þórisson 2001).
2. Yfirlitslýsing um jarðfræði svæðisins (Ágúst Guðmundsson og Haraldur Hallsteinsson 2001).
3. Lýsingar á jarðfræði Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar (Árni Hjartarson Freysteinn Sigurðsson og Þórólfur H. Hafstað 1981).
3. Skýrsla fornleifafræðings um fornminjar á svæðinu (Guðný Zoëga 2001).
4. Lýsing og mat á þeirri landslagsheild sem áhrifasvæði framkvæmda tilheyrir byggt á vettvangsferðum sem farnar voru í ágúst 2000 og mars 2001.
5. Landakort og loftmyndir.
6. Válisti fyrir fugla og plöntur (Náttúrufræðistofun Íslands 1996; 2000).
7. Skýrslur um rannsóknir á lífríki Dalsár og Sléttuár (Þórólfur Antonsson og Jón S. Ólafsson 2000. Þórólfur Antonsson og Ingi Rúnar Jónsson 2001).

MAT Á VERNDARGILDI LANDSLAGSHEILDA

Hrúteyri

Einkenni Hrúteyrar

Að norðan liggur nýr vegur á kafla að fyrirhuguðum gangnamunna ofan við Hrúteyri sem er innarlega á suðurströnd Reyðarfjarðar. Ofan við Hrúteyri eru rústir býlisins Borgargerðis. Þar er nú hrossagirðing. Bærinn Hrúteyri stóð á Hrúteyrinni sjálfri utan við Hrútána rétt við núverandi þjóðveg. Í malarhjólum utan við Hrútána er gamall efnistökuastaður. Landið við Sléttuströnd í Reyðarfirði er tiltölulega snautt af berggöngum og misgengjum sem einkenna ytri hluta fjarðarins og ekki eru jarðfræðilega merkilegar minjar við framkvæmdasvæðið (Ágúst Guðmundsson og Haraldur Hallsteinsson 2001). Helstu gróðurlendi á Hrúteyrinni eru graslendi og mosabemba með lyngi og er gróðurþekja víða 50-70 %. Í kringum gamla bæjarstæðið við Borgargerði er graslendi og þar er gróðurþekja samfelld að mestu (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001).

Þó Hrúteyrin sé ekki stór (um 0,1 km²) hefur hún, brekkurnar upp af henni og malarhjallarnir innan við hana talsverða þýðingu fyrir fyrir svipmót Sléttustrandar einkum séð frá þéttbýlinu á Reyðarfirði. Eyrar eða framhlaup eru við fleiri ár út með ströndinni en Hrúteyrin er stærst af þeim sem tilheyrja Sléttuströndinni en þar er annars mjög lítið undirlendi.

Verndargildi Hrúteyrar

Verndarviðmið sem ráðast af afstöðu manna

Efnahagur

Núverandi efnahagslegt gildi Hrúteyrar er varla mjög mikið en svæðið er þó nýtt sem beitiland. Ekki er vitað til þess að svæðið sé sérstaklega nýtt sem áningarstaður ferðamanna en gæti þó hugsanlega komið til greina sem slíkur.

Fegurð

Eyrin er lág og grasvaxinn og grasbalar eru kringum gamla eyðibýlið en klettabelti ofan við. Malarhjallarnir innan við ána gefa svæðinu svip og gilið við Hrúta er fallett og einnig fossar í ánni þar sem hún fellur fram af klettabelti. Hrúteyrin og svæðið þar í kring verður því að teljast að ýmsu leyti fallett þó þar sé ekkert sérstakt að finna sem hægt er að benda á að hafi einstakt fegurðargildi.

Fræðsla/ vísindi

Ekki er vitað til að Hrúteyrin hafi verið nýtt til almennrar uppfræðslu. Þar má þó sjá allmörg náttúrufyrirbæri á litlum stað. Margar tegundir fugla verpa þar á litlu svæði (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001). Malarhjallar, eyri og klettabeltin í fjallinu svo nokkuð sé nefnt. Ekki er þó hægt að benda að þar sé eitthvað að finna sem ekki er annars staðar í nágrenninu. Ekki vitað um neitt við Hrúteyrina sem hefur sérstakt vísindalegt gildi

Menningar- og atvinnusaga

Ekki eru tiltækar miklar upplýsingar um þennan þátt en vitað er að bæirnir Borgargerði og Hrúteyri stóðu á svæðinu. Þarna eru tóftir af óþekktum aldri (Guðný Zoëga 2001) og verðmæti þeirra því óljóst.

Útivist

Ekki er vitað til að Hrúteyrin og svæðið þar í kring sé nýtt til útivistar umfram önnur svæði í nágrenninu.

Þjóðfræði og átrúnaður

Ekki eru til gögn um þetta.

Verndarviðmið sem eru óháð afstöðu manna

Fágæti /Undur

Dökkasef (*Juncus castaneus*) sem er fremur sjaldgæf tegund en þó ekki á valista eða friðlýst fannst á Hrúteyri (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001). Ekki vitað um neitt annað er sérstætt eða sjaldgæft á svæðinu við Hrúteyri. Ekki er þekkt neitt á og við Hrúteyri sem flokka má sem undur.

Einkenni

Varla er hægt að benda á neitt á eða við Hrúteyri sem er einkennandi fyrir svæðið. Þó vaxa þar bláklukka (*Campanula rotundifolia*) og gullsteinbrjótur (*Saxifraga aizoides*) sem eru meðal einkennistegunda Austfjarða. Eyrar eru víða þar sem ár falla í sjó fram niður eftir bröttum hlíðum á þessu svæði. Hrúteyrin er þó mest þeirra á Sléttuströndinni.

Vistfræðileg viðmið

Fjölbreytni

Hrúteyrarsvæðið er sennilega ekki mikilvægt til að viðhalda fjölbreytni í náttúru ef miðað er við Reyðarfjörð, Austurland, landið allt eða stærri skala. Hrúteyrin kann að hafa visst gildi til að viðhalda fjölbreyttri náttúru Sléttustrandar.

Frelsi

Svæðið ofan Hrúteyrar ber merki um að þar var búið áður. Einnig er þar nú hrossagirðing og lítill skúr og mastur eru skammt ofan við núverandi veg. Núverandi vegur liggur þvert yfir Hrúteyrina og efnistaka hefur verið úr malarhjöllunum.

Frelsisgildið er því ekki mjög hátt þar sem áhrifa mannsins gætir á gróður og svæðið er raskað af vegagerð. Engu að síður hefur heildarsvip landslagsins ekki verið mikið raskað.

Uppruni/sannvirði

Upprunagildi gróðurs er fremur lágt en fuglalíf hefur væntanlega þróast meira óháð umsvifum manna. Sannvirði er nokkurt þar sem landslagið er með upprunalegu svipmóti að mestu þótt svolítið hafi verið raskað í malarhjöllum við veginn

Samfella

Samfellugildi er líklega fremur lágt í tíma a.m.k. varðandi gróður. Nýting gróðurs hefur verið bæði á tünnum áður fyrr þegar búíð var á svæðinu og nú vegna hrossabeitar. Fuglalíf hefur þó væntanlega verið í svipuðu formi lengi. Svæðið er lítið en hluti af stærri heild sem er öll suðurströnd Reyðarfjarðar sem er nú óbyggð út að Þernunesi.

Lífsskilyrði

Ekki verður sagt að Hrúteyri sé mikilvæg fyrir einhvern dýrastofn en þó er þar að finna 2 tegundir fugla sem eru á válista þ.e. hrafn (*Corpus corax*) og grágæs (*Anser anser*) (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000) og þar verpa líka óvenjumargar fuglategundir á litlu svæði. Einnig fannst þar dökkasef sem er fremur sjaldgæf tegund. Ekki fundust þar sérstök gróðurskilyrði eða sjaldgæfar tegundir plantna eða dýra (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001). Um smádyralíf er ekki vitað.

Raskþol

Hrúteyrin og svæðið í kring hefur verið beitt gegnum tíðina og gróður er fremur gisinn á sjálfri eyrinni. Jarðvegur er lítill á eyrinni en nokkru meiri í brekkum fyrir ofan og þar er gróska heldur meiri og gróðurþekja samfelld. Raskþol er því líklega lágt eða í meðallagi.

Sléttuá

Einkenni Sléttuár

Vegna framkvæmdar er gert ráð fyrir efnistöku úr farvegi Sléttuár. Áin rennur til sjávar um sunnanvert flatlendið fyrir botni Reyðarfjarðar en Norðurá um norðanverðan dalbotninn. Sléttuáin eins og flestar ár í dalbotnum setur svip á dalinn og má hvort sem er segja að hún skipti upp sléttlendinu í dalbotninum og tengi það saman.

Farvegur árinna ber þess merki að þar hefur verið rótað með vinnuvélum a.m.k. á kafla bæði ofan og neðan við brúna þar sem núverandi Suðurfjarðarvegur liggur yfir ána.

Sléttuáin er eins margar aðrar ár á blágrýtissvæðum fremur ófrjósöm. Bleikja er ríkjandi fisktegund í ánni (Þórólfur Antonsson og Jón S. Ólafsson 2000).

Verndargildi Sléttuár

Verndarviðmið sem ráðast af afstöðu manna

Efnahagur

Núverandi efnahagslegt gildi Sléttuár er óljóst. Einhver veiði er í Sléttuá en ekki er starfandi veiðifélag eða seld þar veiðileyfi svo efnahagsleg þýðing er væntanlega lítil. Möguleikar til efnisnáms eru einhverjir. Þá má benda á að laus jarðlög s.s. áreyrar á blágrýtissvæðum eins og á Austurlandi geta haft verulega þýðingu varðandi miðlun neysluvatns í framtíðinni. Ekki er vitað til þess að áin dragi sérstaklega að ferðamenn.

Fegurð

Áin er hefur engin sérstök einkenni sem gera hana eftirtektarverða svo sem fallegan farveg eða fossa. Hún er hins vegar hluti af landslagi dalsins og gegnir þar afgerandi hlutverki. Fegurðargildið er erfitt að meta en er hér talið meðal hátt.

Fræðsla/vísindi

Ekki er vitað til að áin eða umhverfi hennar hafi verið nýtt til almennrar uppfræðslu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um eitthvert sérstakt fræðslugildi árinna eða árbakka. Ekki vitað um neitt við Sléttuána sem hefur sérstakt vísindalegt gildi en upplýsingar eru ófullnægjandi til að meta það.

Menningar- og atvinnusaga

Ekki eru tiltækar upplýsingar um þennan þátt.

Útivist

Ekki er vitað til að Sléttuáin og nágrenni hennar laði til sín útivistarfólk umfram önnur svæði í kring. Einnhver veiði er í Sléttuá en ekki er starfandi veiðifélag eða seld þar veiðileyfi.

Þjóðfræði og átrúnaður

Ekki eru til gögn um þetta.

Verndarviðmið sem eru óháð afstöðu manna

Fágæti/undur

Ekki vitað um neitt sem er sérstætt eða sjaldgæft í eða við Sléttuá. Ekki er þekkt neitt við Sléttuána sem flokka má sem undur.

Einkenni

Sléttuáin er svipuð og fleiri ár á Austfjörðum, hún rennur um frekar flatan dalbotn til sjávar um sendna leiru í fjarðarbotni.

Vistfræðileg viðmið

Fjölbreytni

Sléttuáin er sennilega ekki sérstaklega mikilvægt til að viðhalda fjölbreytni í náttúru. Hvernig slík er metið ræðst þó af þeim mælikvarða sem notaður er. Þannig gegnir áin talsverðu hlutverki varðandi fjölbreytni náttúru dalbotnsins í Reyðarfirði og væntanlega einhverju hlutverki varðandi fjölbreytni náttúru Reyðarfjarðar en væntanlega takmörkuðu ef lítið er til náttúru Austfjarða. Athuganir benda til að lífríki árinna sé svipað í öðrum ám á blágrýtissvæðum (Þórólfur Antonsson og Jón S. Ólafsson 2000).

Frelsi

Eins og áður segir ber a.m.k. neðri hluti farvegs Sléttuár merki um mannleg afskipti. Gróðurlendi í kring bera ummerki beitar og tún eru nálægt ánni beggja vegna.

Uppruni/sannvirði

Upprunagildi árinna er skert a.m.k. neðan til en er mun meira þegar fjær dregur ósnum. Upprunagildið er því metið meðalhátt. Sannvirði er nokkurt þar sem landslagið er með upprunalegu svipmóti að mestu þótt eitthvað hafi verið raskað í farveginum neðan til. Beggja vegna hennar eru tún og beitolönd.

Samfella

Samfellugildi Sléttuár og umhverfis hennar er nokkuð skert þar sem rótað hefur verið í farveginum a.m.k. neðan til og einnig eru tún og beitolönd við ána. Nokkrar minni ár sem falla úr dölum og giljum við sunnanverðan Reyðarfjörð mynda Slettuá. Hún hefur því samfellugildi í rúmi sem þó er erfitt að meta.

Lífsskilyrði

Ekki er vitað til að Sléttuáin sé mikilvæg fyrir einhverjar sérstakar lífverur. Mikilvægustu uppeldisskilyrðin fyrir lífríki árinna er í efri hlutafarvegs hennar (Þórólfur Antonsson og Jón S. Ólafsson 2000). Ekki er vitað um sjaldgæfar tegundir plantna eða dýra í nágrenni við ána.

Raskþol

Ekki er líklegt að einhver efnistaka úr botni árinna á vel völdum stöðum neðan til í farveginum myndi valda miklum breytingum á landslagi eða lífríki til frambúðar. Raskþol áreyrana er væntanlega talsvert.

Daladalur

Einkenni Daladals

Fyrir mynni Fáskrúðsfjarðar er allmikil framburðarfylla, orðin til fyrir samvinnu nokkurra áa sem þar falla til sjávar (Árni Hjartarson o.fl. 1981) og er þar allmikið flatlendi sem endar í leiru yst við sjóinn. Inn af þessu flatlendi gengur Daladalur. Í botni Daladals eru flatar áreyra allt inn undir bæinn Dali en sitt hvoru megin eru malarhjallar. Neðan við Gestsstaði eru hjallarnir hallandi með óglöggri frambrún en brún þeirra verður skarpari innar í dalnum og er hæst við Hólagerði. Hinum megin í dalnum eru samsvarandi hjallar frá Tungu og inn undir Hólagerði. (Árni Hjartarson o.fl. 1981). Áreyrarnar inn dalinn eru ýmist vaxnar fremur gisnum grasmóa eða mosabembu með lyngi og grasi, en einnig eru þar gróðurlitlar malareyrar (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001). Uppi á hjöllunum norðan við ána eru kjarrbrekkur vaxnar all gróskumiklu birkikjarri. Kjarrið er nokkuð samfelt inn allan dalinn inn fyrir bæinn Dali. Sunnan megin í dalnum eru móar og mosabembur uppi á hjöllunum og upp eftir hlíðum en kjarr sést ekki.

Fyrirhuguð vegagerð mun fyrst og fremst hafa áhrif á eyrarnar inn með Dalsá og flatlendið neðan við hjallana í Daladal. Sé komið frá þéttbýlinu á Fáskrúðsfirði myndar flatlendi við fjarðarbotninn og ytri hluti áreyrana inn undir Gestsstaði eina útsýnisheild. Þá sést einnig vel upp í hlíðarnar við Gestsstaði og Tungu og fjallahringurinn alla leið. Nýi vegurinn hefur ekki för með sér miklar breytingar á þessari leið þar sem hann mun að mestu liggja í núverandi vegarstæði inn dalinn. Þegar vegurinn inn Daladal er ekinn og komið inn fyrir Gestsstaði opnast sýn inn allar eyrar Dalsár inn að bænum Dölum. Ekki sést hins vegar mikið upp á hjallana við Hólagerði neðan frá eyrunum þar sem hjallarnir eru allháir. Nýja vegarstæðið fer lengra út á eyrar Dalsár, við Oddsá, í stað þess að liggja upp á hjallana innan við Hólagerði eins og núverandi vegur. Nýi vegurinn mun liggja áfram inn eyrarnar allt inn undir Dali. Þar eftir liggur hann í grasbölum eða brekkum í túnjadrí Dala og sveigir í kjarrbrekkuna þar fyrir innan að gamunnum.

Vegarstæðið liggur á mótum flatlendis og brekku að mestu inn að Oddsá. Þar fer það yfir eyrarnar og sker þær á kafla neðan við hjallana við Hólagerði. Þar verður farvegi árinna væntanlega breytt og hann festur. Áin virðist annars skipta talsvert um farveg á flötum eyrunum og eru farvegir yfirleitt grunnir og fremur ómótaðir. Eyrarnar eru ýmist ógrónar eða grónar gisnu graslendi. Á allmörgum stöðum er hægt að sjá ummerki rasks í farvegi

Dalsár, einkum utan til þ.e. utan við Oddsá, einnig er talsvert um slóðir og smá rask á eyrunum. Heildarsvipur eyranna er þó sá að þær séu ekki mikið raskaðar af manna völdum.

Rannsóknir benda til að lífríki Dalsárinnar sé eins og í mörgum öðrum ám á Austurlandi, fremur fátæklegt. Bleikja er ríkjandi fisktegund í ám á Austfjörðum og það gildir einnig um Dalsána (Þórólfur Antonsson og Ingi Rúnar Jónsson 2001).

Við bæinn Dali er dálítið flatlendi og rennur Dalsáin þar í gili með suðurhlíð dalsins sunnan við bæinn í Dölum. Þetta svæði er á framhlaupi úr Goðaborg sem kastast hefur þvert yfir Daladal og töluvert upp í hlíðina hinum megin (Árni Hjartarson o.fl. 1981). Nýi vegurinn mun liggja um jaðar þessa flatlendis. Megin hluti þessa lands er ræktaður en óræktað land er ýmist hreint graslendi eða graslendi með smárunnum. Í brekkum norðan megin eru lyngmóar og birkikjarr en móar og mosapemba í brekkum sunnan megin (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001).

Verndargildi Dalsár og Dalsáreyra

Verndargildi sem ráðast af afstöðu manna

Efnahagur

Núverandi efnahagslegt gildi eyranna er óljóst en þar er hugsanlega möguleiki til efnisnáms og einhver beit er þar. Einhver veiði er í Dalsá en ekki er þar veiðifélag starfandi eða seld veiðileyfi. Þá geta laus jarðlög s.s. áreyrar á blágrýtissvæðum eins og á Austurlandi haft verulega þýðingu varðandi miðlun neysluvatns í framtíðinni. Ekki er vitað til þess að áin dragi sérstaklega að ferðamenn.

Fegurð

Áin er hefur engin sérstök einkenni sem gera hana eftirtektarverða svo sem fallegan farveg eða fossa. Hún er hins vegar hluti af landslagi dalsins og gegnir þar mjög afgerandi hlutverki. Fegurðargildi er erfitt að meta en er hér talið meðal hátt.

Fræðsla/vísindi

Ekki eru tiltækar upplýsingar um hvort áin eða umhverfi hennar hafi verið nýtt til almennrar uppfræðslu eða hvort þar sé eitthvað sérstakt sem gæfi tilefni til slíks. Ekki vitað um að eitthvað við Dalsána eða áreyranar hefur sérstakt vísindalegt gildi.

Menningar- og atvinnusaga

Grjóthlaðinn stekkur var á svæði vestast á Hólagerðisnesinu. Þar hljóp áin um 1980 og er stekkurinn nú horfinn í grjótskriðu og sér hans ekki lengur merki (Guðný Zoëga 2001).

Vel hlaðið og heillegt brot af réttarvegg sem mun hafa verið hlaðinn snemma á síðustu öld er um 5 m ofan vegar, vestan við hlið á veginum ofan þess svæðis sem kallast Stekkur í Hólagerðislandi. Garðurinn er um 30-50 m ofan við fyrirhugaða veglínu og er ekki í beinni hættu af henni (Guðný Zoëga 2001). Verðmæti þessara minja er ekki ljóst.

Útivist

Ekki er vitað til að Dalsáin og Dalsáreyranar laði til sín útivistarfólk umfram önnur svæði í nágrenninu.

Þjóðfræði og átrúnaður

Ekki eru til gögn um þetta.

Verndarviðmið sem eru óháð afstöðu manna

Fágæti/undur

Ekki vitað um neitt sem er sérstætt eða sjaldgæft á ánni eða á áreyrunum. Ekki er þekkt neitt við Dalsána eða eyrarnar sem flokka má sem undur.

Einkenni

Benda má á að dalbotn Daladals og áin sem rennur í lítið mótuðum farvegi á sendnum áreyrum, til sjávar um sendna leiru í fjarðarbotni, er nokkuð einkennandi fyrir Austfirði. Athuganir benda til að lífríki árinna sé einnig svipað og í mörgum öðrum ám á Austurlandi. Plöntutegundirnar bláklukka, gullsteinbrjótur og maríuvöttur (*Alchemilla faeroensis*) fundust á þessu svæði en það eru tegundir sem einkennandi eru fyrir Austurland en fágætar utan þess (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001).

Vistfræðileg viðmið

Fjölbreytni

Dalsáin er sennilega ekki sérstaklega mikilvægt til að viðhalda fjölbreytni í náttúru á stærri mælikvarða en hefur væntanlega talsvert gildi fyrir fjölbreytni náttúru Fáskrúðsfjarðar og Daladals. Lífríki Dalsárinnar virðist hvorki fjölbreytt né lífmassi mikill (Þórólfur Antonsson og Ingi Rúnar Jónsson 2001). Gróðurfar á eyrunum er fremur fábreytt (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001).

Frelsi

Að minnsta kosti neðri hluti farvegs Dalsár ber merki um mannleg afskipti. Gróðurlendi umhverfis bera ummerki beitar, tún eru nálægt ánni innan við Hólagerði og slóðir og smá rask er hér og þar á áreyrunum.

Uppruni/sannvirði

Upprunagildi árinna og eyranna er skert a.m.k neðan til en er mun meira þegar fjær dregur ósnum. Upprunagildið er því metið meðalhátt. Sannvirði er nokkurt þar sem landslagið er með upprunalegu svípmóti að mestu þótt rask sé í árfarveginum neðan til. Ekki er líklegt að lífríki árinna sé mikið raskað en á eyrunum eru tún og beitolnd.

Samfella

Samfellugildi Dalsár og áreyranna er nokkuð skert þar sem rótað hefur verið í farveginum a.m.k. neðan til og einnig eru tún og beitolnd við ána. Áin og eyrarnar mynda þó heild sem er órofin frá fjarðarbotni að upptökum. Erfitt er að meta samfellugildið.

Lífsskilyrði

Bleikja er ríkjandi fisktegund í Dalsá, en hún er jafnframt ríkjandi tegund í ám á Austfjörðum. Samanburður á Dalsá og Tungudalsá sem eru báðar í Fáskrúðsfirði bendir til að vaxtarskilyrði fisks séu betri í Dalsá (Þórólfur Antonsson og Ingi Rúnar Jónsson 2001). Ekki er vitað um sjaldgæfar tegundir plantna eða dýra í nágrenni við ána. Gróðurlendi eru fremur rýr á áreyrunum. Vitað er að hettumáfur (*Larus ridibundus*) kría (*Sterna paradisaea*) og sandlóa (*Charadrius hiaticula*) verpa á eyrunum en það eru allt algengir fuglar á landsvísu (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001).

Raskþol

Seiðabúskapur Dalsár mun að öllum líkindum verða fyrir tjóni við rask á ánni, og mun það taka nokkurn tíma að komast í samt lag eftir að framkvæmdum lýkur. Raski á lífríki árinna er hægt að halda í lágmarki með því að fara eftir leiðbeiningum um verklag. Eyrarnar þola væntanlega nokkuð rask þó gróðurþekja þar sé gisin..

Verndargildi flatlendisins kringum Dali

Verndarviðmið sem ráðast af afstöðu manna

Efnahagur

Núverandi efnahagslegt gildi svæðisins er töluvert þar sem þar er mikið ræktað land. Eining er þar talsvert beitland. Ekki er vitað um að svæðið dragi til sín ferðamenn.

Fegurð

Landslag og útsýni verður að teljast fagurt við Dali. Þar má sjá talsverða fjölbreytni í gróðurfari og útsýni. Kjarrbrekkur eru gróskumiklar og blómlegar en eyrnar sléttar og vaxnar gisnari gróðri. Norðan megin í dalnum eru lyng og mosamóar í brekkum. Fjallsýn og útsýni til fjarðarins er fallett.

Fræðsla/vísindi

Ekki eru upplýsingar um sérstakt fræðslugildi eða að svæðið sé notað til almennrar uppfærslu. Ekki vitað um neitt á svæðinu sem hefur sérstakt vísindalegt gildi en upplýsingar eru ekki fullnægjandi.

Menningar- og atvinnusaga

Ofan túns í Dölum um 10-20 m ofan við veglínu nýja vegarins er brot af hinum forna vörslugarði er lá kringum túnið á Dölum. Ekki er vitað með vissu hvenær garður þessi var hlaðinn en hann mun nokkuð gamall (Guðný Zoëga 2001).

Stekkur var í túninu uppi á svokölluðum Grundum. Hann er nú kominn undir sléttað tún. Staðsetning ónákvæm en hann mun hafa verið um 100 má neðan við nýju veglínuna (Guðný Zoëga 2001).

Fast sunnan heimreiðarinnar milli Dala I og II er hringlaga garðlag sem ber nafnið Kirkjugarðshóll og þær sagnir fylgja að sé kirkjugarður (Guðný Zoëga 2001).

Samkvæmt þessu er ljóst að einhverjar minjar eru á svæðinu en verndargildi þeirra er óljóst.

Útivist

Ekki er vitað til að svæðið laði til sín útivistarfólk umfram önnur svæði í kring.

Þjóðfræði og átrúnaður

Ekki eru til gögn um þetta.

Verndarviðmið sem eru óháð afstöðu manna

Fágæti/undur

Ekki vitað um neitt sem er sérstætt eða sjaldgæft á flatlendinu við Dalabæinn. Ekki er þekkt neitt við Dali sem flokka má sem undur.

Einkenni

Hugsanlega má telja berghlaup og skriður til einkenna Fákscrúðsfjarðar og e.v. fleiri Austfjarða. Talsvert er um berghlaup og skriður í Fákscrúðsfirði og er svæðið kringum Dali einmitt á framhlaupi úr Godaborg (Árni Hjartarson o.fl. 1981).

Vistfræðileg viðmið

Fjölbreytni

Svæðið er sennilega ekki sérstaklega mikilvægt til að viðhalda fjölbreytni í náttúru ef miðað er við Fáskrúðsfjörð eða stærri heild.

Frelsi

Gróðurlendi á flatlendinu eru ýmist ræktuð tún eða graslendi sem hafa verið beitt. Í brekkunum í kring er hins vegar all gróskumikið birkikjarr sem þó hefur verið beitt. Landslagi hefur verið eitthvað raskað með túnrækt og mannvirkjum.

Uppruni/sannvirði

Upprunagildi flatlendis er ekki mikið. Sannvirði er lítið a.m.k. hvað varðar gróður og landslag flatlendisins við bæinn.

Samfella

Samfellugildi er sennilega ekki mjög hátt hvorki í tíma eða rúmi.

Lífsskilyrði

Ekki er líklegt að flatlendið við Dali sé mikilvægt fyrir ákveðnar lífverur.

Raskþol

Gróður á svæðinu er sennilega gróskumikill og þolir væntanlega eitthvert rask t.d. beit.

Verndargildi birkikjarrs norðan megin í Daladal

Verndarviðmið sem ráðast af afstöðu manna

Efnahagur

Núverandi efnahagslegt gildi svæðisins er væntanlega fyrst og fremst að það er beitiland. Einnig er þar án vafa ágætt berjaland og e.t.v. rjúpnaveiðiland en ekki eru tiltækar upplýsingar um þessa þætti. Ekki er vitað um að svæðið dragi til sín ferðamenn.

Fegurð

Kjarrið er all gróskumikið og blómgróður er ríkulegur í kjarrbotninum. Landslag og útsýni verður einnig að teljast fagurt víða í hlíðinni.

Fræðsla/vísindi

Ekki eru upplýsingar um sérstakt fræðslugildi eða að svæðið sé notað til almennrar uppfraeðslu. Þar gæti þó verði hægt að fræðast um gróður og sjaldgæfar plöntutegundir sem er að finna við Geststaði og Hólagerði og sennilega einnig innan við bæinn á Dölum (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001). Ekki eru til upplýsingar til að meta vísindalegt gildi.

Menningar- og atvinnusaga

Ekki liggja fyrir upplýsingar um þennan þátt.

Útivist

Ekki er vitað til að svæðið laði til sín útivistarfólk umfram önnur svæði í kring. Þar er þó væntanlega ágætt berjaland og hugsanlega rjúpnaveiðiland.

Þjóðfræði og átrúnaður

Ekki eru til gögn um þetta.

Verndarviðmið sem eru óháð afstöðu manna

Fágæti/undur

Sjaldgæfar plöntutegundir er að finna við Geststaði og Hólagerði og sennilega einnig innan við bæinn á Dölum. Ekki er þekkt neitt í kjarrbeltinu sem flokka má sem undur.

Einkenni

Kjarrvaxnar hlíðar norðan megin í fjörðum þ.e.a.s. hlíðarnar sem snúa á móti suðri eru einkennandi fyrir marga Austfirðina. Austfjarðategundirnar bláklukka, gullsteinbrjótur og maríuvöttur finnast á svæðinu (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001)

Vistfræðileg viðmið

Fjölbreytni

Svæðið gegnir sennilega töluverðu hlutverki varðandi viðhald fjölbreytni í náttúru ef miðað er við Fáskrúðsfjörð og jafnvel stærri heildir. Bæði eru tegundafjöldi talsverður í gróðurlendum og nokkuð fuglalíf (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001).

Frelsi

Gróðurlendi eru ekki mikið röskuð á stórum svæðum en nálægt bæjum t.d við Hólagerði og Geststaði hefur kjarrlendi vafalaust verið raskað eitthvað. Annars skortir upplýsingar til að meta þennan þátt.

Uppruni/sannvirði

Upprunagildi er vafalaust talsvert þótt skógarkjarrið hafi verið beitt og raskað á einhverjum svæðum eru stórir hlutar hlíðarinnar óraskað kjarr. Sannvirði er væntanlega all hátt.

Samfella

Samfellugildi er sennilega talsvert.

Lífsskilyrði

Kjarrið er all gróskumikið. Það er búsvæði ýmissa fugla en skv. athugunum er þó ekki um áberandi mikinn fjölda fugla að ræða þar. Þyrnirós (*Rosa pipinellifolia*) hefur fundist í brekkum við Hólagerði og Geststaði og blæösp (*Populus tremula*) við Geststaði (Guðrún Á. Jónsdóttir o.fl. 2001).

Raskþol

Gróður á svæðinu er sémilega gróskumikill og þolir væntanlega eitthvert rask t.d. beit.

UMRÆÐA UM NIÐURSTÖÐUR

Eins og getið er um í inngangi er hér um að ræða tilraun til að meta verndargildi út frá ákveðnum forsendum. Samkvæmt skýrslu Náttúrufræðistofnunar (Sigmundur Einarsson 2000) eru þessar aðferðir einkum hugsaðar til að meta verndargildi vistgerða. Hér er er þeim einnig beitt til að meta svæði svo sem Hrúteyrina og kann það að leiða til aukinnar ónákvæmni. Ljóst er að talsvert vantar uppá að upplýsingar séu fullnægjandi til að leggja mat á alla þætti. Einnig er ljóst að matið er gróft og nokkuð háð því hvaða mælikvarði er notaður bæði landfræðilega og í tíma. Þá er einungis flokkað í lítið, meðalhátt og hátt gildi sem er auðvitað ónákvæmur mælikvarði. Niðurstöður ber því að túlka með þessum fyrirvörum.

Að margra áliti er landslag og útsýni í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði fagurt m.a vegna fjölbreyttrar fjallaumgjarðar, landslags og útsýnis til hafs. Fyrirhugaður vegur að

gangamunna í Reyðarfirði mun verða talsvert áberandi einkum séð frá þéttbýlinu á Reyðarfirði en ekki hafa mikil áhrif á svipmót landslagsins í heild. Fáskrúðsfjarðamegin virðist vegurinn að mestu falla nokkuð vel að landslagi og ekki skera sundur heildir í landslagi ef frá er talið að hann sker áreyrar neðan við Hólagerði.

Þessar niðurstöður benda ekki til að efnahagslegt gildi þeirra svæða sem verða fyrir áhrifum af vega og jarðgangagerð sé mikið. Þó er svæðið kringum bæinn í Dölum undanskilið (1. tafla, bls. 13). Það er hins vegar ljóst að vegagerðin mun ekki skerða landbúnaðarsvæði þar mikið. Einnig má vera að að áreyrar séu mikilvægar sem trygging fyrir neysluvatnsforða til framtíðar og að sá þáttur sé vanmetinn.

Ekki eru til nægilegar upplýsingar til að leggja fullnægjandi mat á verðmæti út frá menningar- og atvinnusögu, þjóðfræði eða átrúnaði. Ekki er vitað til að áhrifasvæði framkvæmda sé nú notað til fræðslu eða hafi eitthvað sérstakt til að bera umfram önnur sambærileg svæði sem nýta mætti til fræðslu. Ekki eru tiltæk gögn til að meta hvort áhrifasvæði framkvæmda hafi sérstakt vísindalegt gildi á einhvern hátt.

Dalsáin, Sléttuáin og birkikjarrið í hlíðum Fáskrúðsfjarðar hafa væntanlega talsverða þýðingu varðandi fjölbreytni í náttúru Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og jafnvel Austfjarða.

Öll áhrifasvæði framkvæmdanna bera nú þegar einhver merki röskunar af manna völdum. Einkum er það áhrif vegna búfjarbeitar, ræktunar, mannvirkja og efnistöku úr árfarvegum. Landslag er þó að mestu heillegt og lítið um að stórkostlegar umbreytingar hafi verið gerðar á landi.

1. tafla. Mat á verndargildi áhrifasvæða vega- og jarðgangagerðar milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Mælikvarði	Svæði:	Hrúteyri	Sléttuá	Dalsá og áreyrar	Dalassvæðið	Kjarrbrekkur
Efnahagur		lítið	lítið/meðal	lítið/meðal	mikið	lítið
Fegurð		meðal	meðal	meðal	meðal	meðal
Fræðsla /vísindi		lítið/óþekkt	lítið/lítið	lítið/lítið	lítið	óþekkt
Menningar-/atvinnusaga		óþekkt/meðal	óþekkt	lítið/óþekkt	óþekkt/ meðal	óþekkt
Útivist		lítið	lítið	lítið	lítið	lítið
Þjóðfræði og átrúnaður		óþekkt	óþekkt	óþekkt	óþekkt	óþekkt
Fágæti		lítið	lítið	lítið	lítið	meðal
Undur		lítið	lítið	lítið	lítið	lítið
Enkenni		lítið	meðal	meðal	lítið	meðal
Fjölbreytni		lítið	meðal	meðal	lítið	meðal
Frelsi		meðal	meðal	meðal	lítið	meðal
Uppruni /sannvirði		lítið/meðal	meðal	meðal	lítið	meðal
Lífsskilyrði		lítið	lítið	lítið	lítið	meðal
Raskþol		meðal	meðal	meðal	meðal	meðal
Samfella		meðal	meðal	meðal	lítið	meðal

HEIMILDIR

- Ágúst Guðmundsson og Haraldur Hallsteinsson 2001. *Reyðarfjörður - Fáskerúðsfjörður. Almenn jarðfræði og yfirlit yfir jarðfræðilegar aðstæður til jarðgangagerðar*. Skýrsla unnin fyrir Vegagerðina. Jarðfræðistofan, Reykjavík.
- Árni Hjartarson, Freysteinn Sigurðsson, Þórólfur H. Hafstað 1981 *Vatnsbúskapur Austurlands III*. Lokaskýrsla OST.OS-81006/VOD-04 198
- Guðný Zoëga 2001. *Umbverfismat vegna vegagerðar í tengslum við jarðgangagerð milli Fáskerúðsfjarðar og Reyðarfjarðar*. Greinargerð um fornminjar á vegarstæðum. Óbirt.
- Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Inga Dagmar Karlsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn Guðmundur Þórisson 2001. *Könnun á gróðri og dýralífi á vegarstæðum í Reyðarfirði og Fáskerúðsfirði vegna jarðganga*. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Austurlands, Neskaupstað.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1. Plöntur*. Reykjavík
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. *Válisti 2 Fuglar*. Reykjavík
- Sigmundur Einarsson (ritstj.), Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson 2000. *Náttúruverndargildi á virkjunarsvæðum norðan jökla*. Unnið fyrir Orkustofnun og Landsvirkjun. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík.
- Þórólfur Antonsson og Jón S. Ólafsson 2000. *Rannsóknir á lífríki áa í Reyðarfirði*. Veiðimálstofnun VMST-R/0019x.
- Þórólfur Antonsson og Ingi Rúnar Jónsson 2001. *Rannsóknir á lífríki Dalsár og Tungudalsár í Fáskerúðsfirði*. Veiðimálstofnun, VMST-R/0101.